

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2021
UST202101-361/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Kláfur - Eyrarfjall við Ísafjörð- Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að setja upp kláf sem flytja mun fólk frá rótum Eyrarfjalls upp á topp fjallsins. Reist verður mastur og aðstöðuhús á byrjunarstöð neðan varnargarðs ofan Hlíðarvegjar. Millimastur á Gleiðarhjalla og endamastur og aðstöðuhús á toppi Eyrarfjalls. Í öðrum áfanga framkvæmdarinnar er ætlunin að byggja veitingahús á Eyrarfjalli og í þriðja áfanga að byggja sjálfbærar gísteiningar eða hótél væntanlega við endastöð á toppi Eyrarfjalls.

Umhverfisstofnu hefur þegar um sambærilegar framkvæmdir er að ræða hvatt til að farið verði mjög varlega þegar um er að ræða varanlegar breytingar á fjöllum eða landslagi sem setja sterkan svip á nánasta umhverfi sbr. umræðu um kláf á Esju við Reykjavík. Slíkar framkvæmdir geta haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér vegna varanlegra breytinga á landslagi og dæmin sýna að menn bera oft miklar tilfinningar til þekktra kennileita.


Umhverfisstofnu vill benda á að nokkuð skiptar skoðanir voru meðal heimamanna þegar fyrirætlanir voru uppi um að setja upp stoðvirki í fjallinu Kubba bæði hvað varðaði sjálf mannvirkin og ekki síður það verklag sem viðhafa ætti við framkvæmdina. Við undirbúning þeirrar framkvæmdar kom í ljós það álit framkvæmdaaðila að notkun á þyrlum til flutnings á efni upp í hlíðar Kubba væri bæði of dýrt og myndi valda íbúum verulegu ónæði.


Hér er ekki um nauðsynlegar framkvæmdir að ræða til að tryggja öryggi íbúa og þar sem hér er um nýjung í mannvirkjagerð að ræða telur Umhverfisstofnun að mat á umhverfisáhrifum sé rétti vettvangurinn til að skoða umhverfisáhrif slíkra framkvæmda og jafnframt gefa almenningi kost á að tjá sig um hana. Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um alla áfanga framkvæmdarinnar í einu þannig að unnt verði að skoða heildaráhrif framkvæmdarinnar í einu lagi. Auk þess telur stofnunin að gera þurfi mun ítarlegri grein fyrir hvernig staðið verði að framkvæmdum og sjónrænum áhrifum allra áfanga en gert

er í greinargerð. Fjalla þarf um valkosti í mannvirkjagerð á sjálfu fjallinu m.t.t. áhrifa á landslag.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd framkvæmd gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur